

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga er hafin á skrifstofu sýslumannsins á Suðurnesjum að Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ.

Unnt er að greiða atkvæði utan kjörfundar á afgreiðslutíma sýsluskrifstofu, sem er alla virka daga frá klukkan 08:30 til 15:00. Lokað verður Sumardaginn fyrsta, þann 25. apríl og 1. maí.

Frá og með 4. maí og fram á kjördag verður einnig unnt að kjósa utan kjörfundar til klukkan 19 á virkum dögum og frá klukkan 10 til 14 á laugardögum og á uppstigningardag, 14. maí. Á kjördag, 16. maí, verður opið fyrir kosningu hjá sýslumanni frá klukkan 10:00 til 14:00, en þann dag verða kjósendur sjálfir að koma atkvæði sínu til skila.

Einnig má kjósa utan kjörfundar á sveitarstjórnarskrifstofunni í Garði, Suðurnesjabæ, á afgreiðslutíma skrifstofunnar, sjá nánar á heimasíðu Suðurnesjabæjar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrahúsum og hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra í umdæminu fer fram skv. neðangreindu og verður nánar auglýst á viðkomandi stöðum:

Nesvöllum, Reykjanesbæ,
7. maí 2026, frá klukkan 10:00 til 15:00
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
11. maí 2026, frá klukkan 13:15 til 15:00

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, getur óskað þess að greiða atkvæði í heimahúsi. Umsókn studd vottorði þarf að hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 10:00 þann 14. maí 2026.

Vakin er athygli á að kjósendur geta kosið utan kjörfundar á hvaða skrifstofu sýslumanns sem er. Afgreiðslutíma þeirra má sjá á vef sýslumanna, www.syslumenn.is.

Kjósendur skulu framvísa gildum persónuskilríkjum (ökuskírteini, vegabréfi eða nafnskírteini).

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum
17. apríl 2026
Ásdís Ármannsdóttir

